



Bæjarráð Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Kópavogi 13. nóvember 2013

Efni: Fjölsmiðjan – nýr þjónustusamningur og aðgerðir til að styrkja rekstrargrundvöll starfseminnar.

Á vegum SSH hefur á þessu ári verið unnið að mótun nýs þjónustusamnings milli Fjölsmiðjunnar og SSH f.h. aðildarsveitarfélaganna í stað eldri þjónustusamnings sem rann út í ársbyrjun 2012

Á fundi stjórnar SSH hinn 2. september sl. lá fyrir minnisblað framkvæmdastjóra SSH, þar sem lagt er til að gerður verði nýr þjónustusamningur til eins árs, og á gildistíma hans fari fram ítarleg greining á leiðum til að renna styrkari stoðum undir rekstur Fjölsmiðjunnar, og að skoðað verði hvaða breytingar þarf mögulega að gera á inntaki og fyrirkomulagi starfseminnar.

Stjórn SSH samþykkti, með vísun í minnisblað framkvæmdastjóra að leggja til við aðildarsveitarfélögin að gerður verði nýr þjónustusamningur við Fjölsmiðjuna til eins árs, sem felur m.a. í sér eftirfarandi:

- a) Skýrari ákvæði um tengsl notenda við Fjölsmiðjuna, m.a. með sérstöku notendaráði, sbr. grein 6.1 í meðfylgjandi samningstexta.
- b) Hækkun árlegs þjónustustyrks úr 6 m. króna í 9,3 m. króna. Hér er um að ræða verðlagsuppreikning á upphaflegri upphæð frá árinu 2004, en í eldri samningi var ekkert ákvæði um verðlagsbreytingar á þessu þjónustuframlagi sveitarfélaganna.
- c) Ákvæði um sameiginlegt átak til að leita á samningstímanum leiða til að tryggja rekstur Fjölsmiðjunnar til lengri tíma, og að skoða hvaða breytingar þarf etv. að gera á inntaki og innihaldi starfseminnar til að koma sem best á mótis við þarfir þjónustuþega hverju sinni.

Ofangreindri samþykkt stjórnar SSH er hér með komið á framfæri og óskað eftir afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna eins fljótt og auðið er.

Beðist er velvirðingar á drætti sem orðið hefur á að senda þessa samþykkt stjórnar

Virðingarfyllst,



Frankvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson

Meðfylgjandi:

- a) Minnisblað framkvæmdastjóra SSH frá 29. ágúst 2013
- b) Samningstexti þjónustusamnings milli Fjölsmiðjunnar og sveitarfélaganna